











Fundargerð

Fimmtudaginn 16. febrúar 2023 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Á. Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargögn

	400 fundargerð 15 12 2022.docx
	401 fundargerð 05 01 2023.docx
	402 Dagskrá fundar EFS 16 02 2023.docx
	Áætlanir 2023 - yfirlit.xlsx
	fjrsvf_FjrhAetlun(csv)_4911_20221216_17...
	fjrsvf_FjrhAetlun(csv)_8200_20221219_17...
	fjrsvf_FjrhAetlun(csv)_8200_20221219_17...
	Samkomulag Árborg feb 2023 II.docx
	Samkomulag Standabyggð mars 2022.docx
	Yfirlit um mál í vinnslu feb 2023.xlsx

2. Samþykktir fundargerða síðustu funda

Fundargerðir 400 og 401 voru samþykktar.

3. Árborg

Lagt var fram svarbréf frá Sveitarfélaginu Árborg til EFS, dags. 2. febrúar 2023, við bréfi EFS frá 17. janúar sl. Fram kemur í bréfinu að bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkir að óska eftir því að gera samkomulag við innviðaráðherra um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/2011 líkt og EFS leggur til í bréfi sínu.

Til umræðu og afgreiðslu voru lögð fram drög að samkomulagi milli Árborgar og innviðaráðherra. Farið var yfir drögin og sérstaklega þann kafla sem snýr að markmiðum samkomulagsins og skyldum sveitarstjórnar. EFS leggur til að samkomulagið gildi í tvö ár og að tveimur mánuðum fyrir lok gildistímans fari fram viðræður um framgang þess og árangur.

Eftir yfirferðina var ákveðið að senda drögin að samkomulaginu til ráðuneytisins með breytingartillögum EFS.

4. Strandabyggð

Umræða um fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Strandabyggðar ásamt yfirferð á fjárhagsáætlun Strandabyggðar 2023-2026. Samkomulag er í gildi milli Strandabyggðar og innviðaráðherra og þar er tilgreint að EFS skuli eiga fund með sveitarstjórn Strandabyggðar.

Ákveðið var að GAG muni óska eftir gögnum um stöðu mála hjá Strandabyggðar og greinargerð um aðgerðir sem sveitarfélagið hefur ráðist í til að bæta reksturinn. Stefnt er að því í framhaldi að EFS fundi með fulltrúum Strandabyggðar á næsta fundi EFS.

5. Fjárhagsáætlun 2023

Lagt fram yfirlit yfir fjárhagsáætlun sveitarfélaga 2023 með helstu lykiltölum ásamt samanburði við útkomuspá 2022. Horft var sérstaklega á A-hluta á lágmarksviðmið EFS varðandi rekstrarniðurstöðu, framlegð frá rekstri og veltufé frá rekstri. Lágmarksviðmiðin eru reiknuð út frá nettó skuldastöðu viðkomandi sveitarfélags og eru lágmarkskröfur sem sveitarfélag þarf að vera með til standast jafnvægis- og skuldareglu sveitarstjórnarlaga.

Ákveðið var að senda öllum sveitarfélög bréf sem uppfylla ekki eitt eða fleiri lágmarksviðmið fyrir A-hluta og tilgreina hverju sveitarfélagi hvaða lágmarksviðmið sveitarfélagið er ekki að standast.

6. Verkefnaskjal

Verkefnaskjal uppfært.

7. Önnur mál

Engin önnur mál